

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	Ísl 102 Kennsluáætlun haustönn 2012	
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

Kennarar	Ásbjörg Benediktsdóttir, Benedikt Bragason, Emilía Baldursdóttir og Þórdís Jónsdóttir	Sk.st.	ÁBE, BEB, EMB og ÞHJ
-----------------	---	---------------	----------------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar og ritunar. Lögð er áhersla á lestur bókmenntatexta bæði í bundnu og óbundnu máli. Í tengslum við lesefnið vinna nemendur með ýmis hugtök bókmennta- og bragfræði og skoða mun á talmáli og ritmáli. Nemendur fá auk þess þjálfun í fjölbreyttri ritun, tjáningu og notkun hjálpargagna.

Markmið:

- geti skipt eigin texta og annarra í málsgreinar, efnisgreinar og kafla.
- þjálfist í að skrifa ýmiss konar ritsmíðar.
- geti gengið frá texta á viðunandi hátt í tölvu.
- lesi upphátt fyrir aðra eigin texta og annarra.
- öðlist sjálfstraust til að tala og/eða lesa fyrir framan aðra.
- lesi bókmenntaverk og ýmsa aðra texta.
- geti beitt hugtökum bókmenntafræði í umfjöllun um bókmenntir.
- geti beitt ýmsum hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál.

Námsgögn:

Dauði trúðsins eftir Árna Þórarinsson.

Íslenska eitt, eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson (útg. 2006).

Viðbótarefni frá kennara.

Áætlun um yfirferð:

1. lota 21. ág. – 28. sept. (6 vikur) Ritun og tjáning

Íslenska eitt bls. 52-79, 109-14 og 125-128. Kynning á áfanga og þátttakendum, lestrar- og ritunarkannanir. Unnin verkefni í tengslum við 150 ára afmæli Akureyrar. Fjallað um byggingu texta og unnin ýmis ritunarverkefni. Helstu handbækur kynntar og orðabókaverkefni unnið í framhaldinu. Fjallað um mun á ritmáli og talmáli og munnlegur flutningur æfður í bland við ritunarverkefni. Nemendur hefja lestur bókarinnar *Dauði trúðsins*. Tilteknum skriflegum verkefnum safnað í möppu og henni skilað við lok lotunnar (gildir 15% af annareinkunn). Tiltekin munnleg verkefni metin til einkunnar (gildir 10% af annareinkunn).

2. lota 1. okt. – 2. nóv. (5 vikur). Bókmenntir – óbundið mál

Íslenska eitt, bls. 9-29, 86-90, *Dauði trúðsins* og *viðbótarefni* frá kennara. Farið í helstu hugtök bókmenntagreiningar og notkun þeirra æfð á textum í kennslubókinni, eigin ritun, *Dauða trúðsins* og viðbótarefni frá kennara. Unnið krossapróf og verkefni úr skáldsögunni og efni frá kennara (gilda samtals 15% af annareinkunn).

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	Ísl 102	
	Kennsluáætlun haustönn 2012	

3. lota 5. nóv. - 30. nóv. (4 vikur). Bókmenntir – bundið mál

Íslenska eitt, bls. 30-43, 63-65, 82-85, 97-108 auk *viðbótarefnis* frá kennara. Farið ítarlega í myndmál og stílbrögð bókmenntatexta. Helstu atriði bragfræði skoðuð. Lesin ljóð og vísur og unnin verkefni í tengslum við efnið. Próf/verkefni úr ljóðum (gildir 10% af annareinkunn).

Samanlagt vægi námsþátta á önn er 50% af heildareinkunn, lokapróf í desember gildir önnur 50%.

Námsmat og vægi námsþátta:

Verkefnamappa – ritun 15%

Munnleg verkefni 10%

Krossapróf og verkefni úr Dauða trúðsins og viðbótarefni 15%

Próf/verkefni úr ljóðum 10%

Lokapróf í desember 50%

Nemendur verða að fá a.m.k. 4,5 á lokaprófi til að verkefni annarinnar fáið metin.

Nemendi sem er veikur á prófdegi, eða við önnur verkefnaskil annarinnar, skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar!

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils